

28. desember 1984

809

Nr. 499

REGLUGERÐ

um viðvörunarmerkingar á tóbaki.

1. gr.

Tóbak má því aðeins hafa til sölu eða dreifingar hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að viðvörun um skaðsemi vörunnar sé skráð á umbúðir hennar.

2. gr.

Viðvörunin skal vera samkvæmt fyrirmynd er birtist sem fylgiskjal með reglugerð þessari. Stærð merkingarinnar skal vera 30×40 mm. Ekki er heimilt að setja merkingar á glært plast eða aðrar ytri umbúðir.

Á sígarettum skulu merkingarnar vera á framhlið eða bakhlið hvers pakka. Í hverri sígarettusendingu sem kemur til landsins skulu allar merkingar notaðar jafnt á hverri tegund.

Á vindlum, reyktóbaki (píputóbaki), skulu merkingarnar settar á aðalhlíð neytendaumbúða. Skulu báðar merkingarnar notaðar jöfnum höndum. Á neftóbaki og munntóbaki skulu merkingarnar settar á aðalhlíð neytendaumbúða.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Tóbaksvarnarnefndar, breytt merkingunum. Ákvörðun um slíkt skal birt eigi síðar en 6 mánuðum fyrir gildistöku.

3. gr.

Tóbaksframleiðendur standa straum af kostnaði við merkingar skv. þessari reglugerð.

4. gr.

Sá sem brýtur gegn ákvæðum þessarar reglugerðar skal sæta sektum en varðhaldi séu sektir miklar eða brot ítrekað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga um tóbaksvarnir, nr. 74, 28. maí 1984 og öðlast gildi 1. janúar 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ef ekki vinnst tími til merkinga einstakra tóbakstegunda fyrir 1. janúar 1985 getur innflytjandi sótt um frest. Skulu slíkar umsóknir sendar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu fyrir 31. desember 1984 og er ráðuneytinu heimilt að veita frest á merkingu til 1. júlí 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

B 103

Fylgiskjal


SÍGARETTUR:

Nr.1



Pant. Process Blue

Nr.2



Pant. Red 032

Nr.3



Pant. Purple

Nr.4



Pant. nr.172 (orange)

Nr.5



Pant. Reflex Blue

Nr.6



Pant. Process Black 26

VINDLAR OG REYKTÓBAK:

Nr.7



Pant. Reflex Blue

Nr.3



Pant. Purple

NEFTÓBAK OG MUNNTÓBAK:

Nr.8



Pant. Red 021

Pant. = Pantone